

EVROPSK SAMGÖNGU VIKA

16.- 22. SEPTEMBER 2020



10 lærdómar úr samkomubanni
FYRIR BETRI SAMGÖNGUR:

1

Almenningssvæði eru dýrmæt; það er mikilvægara en nokkru sinni að borgir séu fyrir fólk en ekki bíla. Umferðin í samkomubanninu sýndi okkur að það er raunhæft að breyta þessu á stuttum tíma.

2

Við metum þá sem sinna nauðsynlegum störfum. Margir þeirra voru lítið sýnilegir þar til nú; samgöngustarfsmenn og aðrir sem greiða götu okkar eru á meðal þeirra. Þegar almenningssamgöngur eru takmarkaðar er mikilvægt að gefa þeim rými sem þarfnast þess mest. En við þurfum líka að horfa til þess að almenningssamgöngur eru lykilþáttur í sjálfbæru og öruggu borgarflæði.



3

Hið ósýnilega varð sýnilegt: loft- og hávaðamengun frá daglegum samgöngum dróst verulega saman. Evrópubúar nutu hreinnar loftis og minni hávaða á opnum svæðum um tíma og vilja hafa það þannig áfram. Hvað getum við gert til að viðhalda því að einhverju leyti?

4



Hraðinn í heiminum var orðinn of mikill, en það er engin ástæða til að flýta sér. Hægjum á okkur með því að lækka hámarkshraðann í þéttbýli.

5



Góð lungnaheilsa og virkur lífsstíll eru mikilvægari nú en áður; rannsóknir benda til þess að mengun og offita auka verulega heilsufarsáhættu vegna COVID-19. Við þurfum því að finna betri og varanlegar leiðir til að auðvelda fólki að ganga og hjóla á öruggan hátt í borgunum okkar. Það er mikilvægt að halda sér í formi og hreyfa sig og í samkomubanninu seldust íþróttatengdar vörur upp í mörgum verslunum. Hins vegar gleymist stundum að einföld ganga eða hjólréiðar eru líka frábær hreyfing.

6

Að vinna að heiman er raunhæfur valmöguleiki fyrir marga, og það dregur úr þörfinni fyrir mengandi umferð á álagstíma. Margir starfsmenn þurfa engu að síður að komast til og frá vinnu. Atvinnurekendur, samgöngusérfræðingar og borgarhönnuðir þurfa að vinna saman að lausnum sem hjálpa okkur að komast á milli á öruggan hátt.

7



Börn sem er skutlað í skóla í bíl er stór hluti þeirrar umferðarteppu sem myndast á annatíma. Það eykur einnig áhættuna fyrir önnur börn að ganga eða hjóla, þannig að þeim er þá líka skutlað – og þetta verður vítahringur! Fjarnám getur dregið úr þessum ferðum, en við þurfum líka að finna sjálfbærar leiðir til að koma börnunum til og frá skóla.

8

Snjalllausnir geta verið árangursríkar við að létta á samgöngukerfinu okkar en þær þurfa að virka fyrir alla. Í mörg ár hafa slíkar lausnir verið ræddar til að ýta undir fjölbreytta ferðamáta. Smáforrit sem gefa upplýsingar í rauntíma um umferðarteppu eða leggja til göngu- og strætóleiðir í stað aksturs með einkabíl geta hjálpað. Aðgengi að tækni og tæknilæsi eru einnig nauðsynleg til að fá sem mest út úr þessum lausnum.

9

Netverslun jókst í samkomubanninu en hvað með allt vöruskipti? Flutningahjól er einn möguleiki til að draga úr losun vegna flutninga.



10

Sumir hópar fólks eru viðkvæmari en aðrir. Byggjum borgir með hindrunarlausum samgöngum því að borg sem er aðgengileg fyrir fólk í hjólastól er aðgengileg fyrir alla.

